



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. maí 2022.

## Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, þskj. 834, 592. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreind þingsályktunartillaga til umsagnar. Fagnar skrifstofan tillögunni og telur einkar jákvætt að í framkvæmdaáætluninni er stefnt að því að tryggja jafnan rétt og samfélagsþátttöku allra samfélagsþegna óháð þjóðerni og uppruna.

Þrátt fyrir almenna ánægju með efni framkvæmdaáætlunarinnar vill MRSÍ koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

### 1. Samfélagið

1.1. MRSÍ fagnar fyrirhugaðri mótun stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar. Telur MRSÍ slíka stefnumótun brýna og ætti hún að byggja á rannsóknum á aðstæðum innflytjenda, hvort sem er á vinnumarkaði, húsnæðismarkaði, í menntakerfi og hvar sem þörf er til að fá heildaryfirsýn yfir stöðu innflytjenda hér á landi. Þá ætti stefnumótun að sjálfsögðu að vera mannréttindamiðuð til að uppfylla þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist. Skýr stefna í innflytjendamálum verður og til þess að framangreindri framkvæmdaáætlun sem og öðrum aðgerðum í þágu innflytjenda verði framfylgt á fullnægjandi hátt. Fagnar MRSÍ því markmiði að Ísland verði fjölmenningsamfélag þar sem grundvallarstefin séu jafnrétti, réttlæti og virðing fyrir einstaklingnum.

1.4. MRSÍ bendir á að skrifstofan vann, í samstarfi við Íslandsdeild Amnesty International, myndbönd um jafnrétti, réttindi á vinnumarkaði og réttindi barna út frá sjónarhóli mannréttinda (<https://www.humanrights.is/is/fraedsluefni-og-myndbond/myndbond-um-rettindi>). Er það von skrifstofunnar að þetta efni nýtist við fræðslu fyrir starfsfólk ríkis og sveitarfélaga enda ætti mannréttindamiðuð nálgun að vera grundvallaratriði í allri þjónustu, hvort sem er við innflytjendur eða aðra þjóðfélagsþegna. Að mati MRSÍ kæmi þekking á alþjóðlegum mannréttindum, réttindum einstakra hópa og mannréttindaskuldbindingum ríkisins starfsfólki ríkis og sveitarfélaga til góða.

1.6. MRSÍ fagnar fyrirhugaðri fræðslu til innflytjenda og flóttafólks um íslenskt samfélag og vísar til liðar 1.4. Löng reynsla MRSÍ af lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur og flóttafólk hefur sýnt fram á hversu nauðsynleg fræðsla um réttindi og skyldur er fyrir þessa hópa, því minna sem einstaklingur veit um réttindi sín því auðveldara er að notfæra sér stöðu hans og líklegra að vanþekking hans verði hagnýtt. Jafnframt telur skrifstofan mikilvægt að frætt verði um mannréttindi einstakra hópa, svo sem barna, kvenna, fatlaðs fólks og hinsegin fólks.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

1.7. Nokkuð hefur skort á að innflytjendur fái þá túlkaþjónustu sem þeim er nauðsynleg. Það markmið að tryggja þeim sem ekki tala íslensku kost á faglegri túlkun af og á eigið tungumál í samskiptum þeirra við stjórnvöld og þjónustuaðila er því mikið framfaraskref. MRSÍ hvetur til þess að litið verði frekar til gæða túlkaþjónustu og fagmennsku frekar en kostnaðar og að stofnunum og þjónustuaðilum verði tryggt nægt fjármagn til að standa undir túlkakostnaði.

## 2. Fjölskyldan

2.6. MRSÍ vísar til umfjöllunar undir liðum 1.4 og 1.6. Nokkuð stór hluti þeirra sem til skrifstofunnar leita eftir ráðgjöf eru þolendur ofbeldis, einkum konur. Brýnt er að fræða þær um réttindi þeirra og úrræði sem þeim standa til boða. MRSÍ hefur veitt slíka fræðslu til innflytjendakvenna í gegnum lögfræðiráðgjöf skrifstofunnar fyrir innflytjendur sem og verkefnið „Þekktu rétt þinn, þekking er vald“, sem er fræðsla til hópa innflytjendakvenna þar sem stuðst er við bæklinginn Réttur þinn. MRSÍ áréttar jafnframt nauðsyn fræðslu um réttindi og skyldur og einkum réttindi einstakra hópa.

## 3. Vinnumarkaður

MRSÍ fagnar fyrirhuguðum aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi meðal innflytjenda. Eftir að Covid 19 faraldurinn skall á hefur atvinnuleysi meðal innflytjenda fæst í vöxt og er nú rúmlega tvöfalt á við almennt atvinnuleysi. Ástæðan er fyrst og fremst áhrif faraldursins á ferðaþjónustuna en hátt hlutfall innflytjenda starfaði innan hennar. Von er til þess að eitthvað rætist úr þar sem faraldurinn er í rénun, a.m.k. að sinni, en ýmiss uppsafnaður vandi er til staðar sem þarf að taka á, t.d. hvað varðar ungmenni af erlendum uppruna sem hvorki stunda vinnu né nám.

## 5. Flóttafólk

MRSÍ fagnar áformum um samræmda þjónustu við fólk með alþjóðlega vernd á Íslandi. Einkum má nefna áherslu á andlega heilsu og virka þátttöku í samfélaginu og fræðslu við flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og fagaðila sem koma að þjónustu við flóttafólk. Enn fremur áætlun um aukna þjónustu við flóttafólk á vinnumarkaði. Fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði er forsenda þátttöku í atvinnulífi til jafns við aðra og eykur líkur á að komið verði í veg fyrir hagnýtingu og aðra misnotkun. Eins og ætíð ætti nálgunin að vera mannréttindamiðuð.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri